



MUNDILFARI

Félagsblað Lífsspeki Félagins 1. tbl. 43. árg. jan. 2015
ábm. Birgir Bjarnason

Lífsspeki Félag Íslands, Ingólfsstræti 22. Pósthólf 1257, 121 Reykjavík, sími 551 7520



Tímamót

Nú hækkar sól á lofti og enn á ný stöndum við á tímamótum, kveðjum gamla árið og heilsum hinu nýja. Við hver áramót er hefð fyrir því að horfa yfir farinn veg og læra af því sem vel gekk á liðnu ári og ekki síður af því sem miður fór.

Hið sama minnti hinn forni fræðari Pýþagóras læri-sveina sína að gera á hverju kvöldi; að staldra við, líta yfir daginn og setja sér verkefni næturinnar. Við áramótin skjóta gjarnan upp í hugann stóru spurningarnar sem eru frjó heimspekinnar: Hver er ég? Hvað vil ég? Hvað þrái ég? Hverjar eru skyldur mínar? Þá er einnig hefð fyrir því að setja sér markmið til að stefna að á komandi ári.

Í indverskri stjörnuspeki er lesið úr merkingu líðandi tímabila með því að skoða sérstaklega stjörnumerkið á því svæði dýrahingsins þar sem sólin er á vorjafndægri. Árið 1998 fór vorpunkturinn fram hjá suðurpól Vetrabrautarinnar og er sá punktur upphaf Vatnsberans.

Guðspekisinninn og stjörnuspekingurinn Dane Rudhyar segir í bók sinni *An Astrological Mandala* frá táknum sem byggðust á efni sem hafði verið miðlað um sérhverja gráðu dýrahingsins. Eftirfarandi texti og tákmynd tengist fyrstu gráðu Vatnsberans: Gamalt múrsteinshús sem notað var til trúboðs í Kaliforníu. Textann má útleggja á þennan veg: Áhrif allra göfugra verka vara lengur en líf einstaklingana. Dane lítur svo á að þessi tákmynd sé upphaf á ferli þar sem hugsjónum er gefið form. Af því má leiða að það sé verkefni okkar allra næstu 53 árin (búin 19 ár af 72 sem tilheyra fyrstu gráðu Vatnsberans) að leggja grunn að þeim hugsjónum og dyggðum sem við viljum rækta.

Satúrnus ræður dimmasta tímabili ársins og svo dimmustu stóröldunum sem standa næstu 4320 árin. Þetta er tímabil andlegrar vanþekkingar (Kali Yuga)

sem Indverjar tala um þegar erfiðast er fyrir andlega nema að ná árangri. En aftur á móti er þetta tímabil andlegs vaxtar og þar sem lagður er grunnur að nýrri andlegri opnun í þroskun einstaklingsins og mannkynsins.

Tímamótum tveggja stóralda fylgja oft miklar breytinga og þá jafnframt andleg vakning.

En hvað tákna Vatnsberinn? Hann er guðinn í ánni; Tiberinus í ánni Tiber hjá Rómverjum og Hapi í ánni Níl hjá Eygyptum. Kannski er Vatnsberinn tilvísun til Sushumna sem er möndullinn í innri gerð mannsins og lykilinn að endurlausn hans. Vatnsberinn heldur á kerri sem er uppspretta árinna. Hann er lindin og brunnurinn.













Við höfum séð á undanfarinni öld skjótari framfarir í veraldlegum vísindum en nokkurn tíma áður. Vísindin byggjast á mælingum og skilgreiningum sem er einmitt grunneðli Satúrnusar. Það má vera að við lifum á tímum andlegrar vanþekkingar en þessir tímar eru líka tímar andlegrar vakningar. Dimmasti punkturinn er nú nýliðinn og innra ljósið fer vaxandi. Við vitum að ísöld leið undir lok fyrir um 13000 árum og nær öll byggð ból á jörðinni fóru undir 200 metra af sjó. Þá lauk síðustu gullöld andans (Satya Yuga) og nýr hringur í þróun mannsins hófst. Nú er aftur 13000 ár til næsta hápunkt gullaldar andans og nú er tími til að sá fræjunum sem þá munu ljóma sem dýrðleg tré. Þetta verður fljótt að líða og kannski bara 108 líf þangað til... Njótið ferðarinnar en munið ráð Pýþagórasar:

Staldrið við, lærið af liðnum tímum og ákveðið vaxtarverkefni komandi tíma.

Gleðilegt nýtt ár – 19. ár Vatnsberans!

Haraldur Erlendsson

Dagskrá föstudaga kl 20:00

Septíma	23. jan.	Gunnlaugur Guðmundsson, stjórnumspekingur: Orkukerfi og eðli mannsins. Um er að ræða framhald af fyrirlestri um náttúrugen mannsins, lögmál og kenningar í stjórnumspeki.	
Mörk	30. jan.	Þóra Halldórsdóttir: Orkan og ég — Á Qigong erindi við mig?	
Veda	6. feb.	Þórir Sigurbjörnsson: Tilraunir með vatnið. Sagt frá tilraunum og rannsóknum Masaru Emoto sem tekur smásjármyndir af vatni undir ýmsum áhrifum.	 
Baldur	13. feb.	Haraldur Erlendsson: Steinhringur við Hjörleifshöfða og landnám Ingólfs og Hjörleifs.	
Blavatsky	20. feb.	Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson: Að sættast við sjálfan sig.	
Rvík.d.	27. feb.	Haraldur Erlendsson: Shakti og Prana. Hið andlega vekjandi afl og lífsaflið.	
Septíma	6. mars	Pétur Gissurarson: Hækkun á tíðni í líkómum mannsins og í sólkerfum vetrarbrauta.	 
Mörk	13. mars	Lárus Ýmir Óskarsson: Þróun ofbeldis í mannlegu samfélagi. Skoðað með hliðsjón af Charlie Hebdo og þróunarstigi samfélaga.	
Veda	20. mars	Haraldur Erlendsson, meðflytjandi Gylfi Kristinsson: Sagt frá yoganum Ramakrishna.	
Baldur	27. mars	Hróbjartur Hróbjartsson, arkitekt, heldur erindi sem hann kallar: Dómkirkjurnar 7. Lögmál og stærð.	
Dögun	10. apríl	Pálína Ásgeirsdóttir, sálfræðingur: Núvitund í daglegu lífi. Fyrirlestur um leiðir til að auka núvitund í daglegu lífi. Að lifa augnablikið með vakandi huga meðan það á sér stað. Fræðsla og æfingar.	
	17. apríl	Jón E Benediktsson: Hugleiðingar um Bhagavad Gíta.	
	24. apríl	Sýndur hluti fyrirlesturs dr. Eben Alexanders af myndbandi. A Neurosurgeon's Journey through the Afterlife. Alexander féll í dá í viku og varð fyrir merkilegri (nær)dauðareynslu. Fyrirlesturinn er á ensku en verður að nokkru þýddur.	
	8. maí	Lótusfundur.	

Dagskrá laugardaga kl 15:30 hugleiðing / íhugun, kl. 16 kaffi og umræðuefni

Septíma	24. jan.	Þórgunna Þórarinsdóttir leiðir hugleiðingu og spjallar eftir kaffið um heildræna heilsu .	
Mörk	31. jan.	Þóra Halldórsdóttir leiðir hugleiðslu og umræður eftir kaffið.	
Veda	7. feb.	Birgir Bjarnason með hugleiðingu 15:30. Þórarinn Stefánsson talar um Íslensk þjóðlög með tóndæmum eftir kaffið.	
Baldur	14. feb.	Þórarinn Þórarinsson ræðir skyld og ekki skyld málefni gærkvöldsins.	
Blavatsky	21. feb.	Sigríður Einarsdóttir leiðir hugleiðingu með tónlist og ræðir um Dalai Lama .	
Rvík.d.	28. feb.	Gísli V Jónsson leiðir hugleiðingu. Hallgrímur Magnússon: Maðurinn, andi, sál og líkami .	
Septíma	7. mars	Bjarnheiður Bjarnadóttir leiðir hugleiðingu og síðan mun Gunnar Másson spjalla um andleg málefni.	
Mörk	14. mars	Kristján Klausen leiðir hugleiðingu og heldur erindi: Náttúrumynstur og hugurinn . Fjallað verður um sameiginlegt eðli margvíslegra fyrirbæra á borð við tré, árfarvegi, veður og taugakerfi. Sjálfsþekking er svo könnuð í þessu ljósi.	
Veda	21. mars	Birgir Bjarnason stýrir hugleiðingu og spjallar um efni frá breska rithöfundanum Wei Wu Wei .	
Baldur	28. mars	Þór Jakobsson og Árni Reynisson segja frá félagi um höfuðból Odda og Oddaverja . Árni mun einnig endursegja erindin sem hann flutti í því félagi um Oddaverjann, Snorra Sturluson .	
Dögun	11. apríl	Vilhjálmur Hjaltalín Jónsson: Hugrækt í daglegu amstri .	
	18. apríl	Jón E Benediktsson: Hugleiðingar um Bhagavad Gíta .	
	25. apríl	Sýndur annar hluti fyrirlesturs dr. Eben Alexanders af myndbandi. A Neurosurgeon's Journey through the Afterlife . Fyrirlesturinn er á ensku en verður að nokkru þýddur.	

Ýmsir þættir starfsins

Mundilfari í tölvuna

Þeir sem óska eftir Mundilfara rafrænt þurfa að senda netfang sitt til: birgirbjarna@simnet.is. Sendið fullt nafn með og helst heimilifang.

Fundartímar

Fundartími á föstudögum er kl 20. Á laugar-dögum er aðaláhersla á hugleiðingu (íhugun) og fræðslu á eftir. Hugleiðing hefst kl 15:30. Síðan er kaffi kl 16 og fræðsla eftir það.

Félagaskrá

Tilkynningar vegna breytinga í félagaskrá berist til Leifs Leifssonar, ritara: leifurhl@gmail.com

Aðalfundur

Aðalfundur Lífsþekifélagsins verður haldinn **mánudaginn 11. maí kl 20**.

Sumarsamvera

Hefst föstudaginn 26. júní og lýkur á sunnudeginum 28. júní, tvær nætur. Hún verður haldin á Heilsustofnun Náttúrlækningafélagsins í Hveragerði eins og undanfarin ár.

Bókasafn og bókaþjónusta

Bókaþjónustan er opin á fimmtudögum kl. 16:30 til 18:30. Á sama tíma er bókasafnið opið. Halldór Haraldsson sér um bókaþjónustuna.

Leshópur á sunnudögum

Leshópurinn heldur áfram kl 11 á sunnudagsmorgnum.

Lífspækifélagið á vefnum

Á síðu félagsins <http://www.lifspekifelagid.is> er hægt að sjá ýmislegt m.a. dagskránnar og greinar. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á fésbókinni:

www.facebook.com/pages/Lifspekifelagid

Peir sem vilja styrkja félagið með beinum fjárframlögum geta gert það með því að leggja inn á eftirfarandi reiknisnúmer:

Reiknisnúmer: 0111-26-517509
Kennitala félagsins er 580169-4739

Sími forseta er 554 2957 / 695 8955

Netfang: lifspekifelagid@gmail.com Lén: www.lifspekifelagid.is

Fimmtudaga kl. 16:30 til 18:30 er bókasafnið, bókaþjónustan og skrifstofan opin yfir vetrarmánuðina.

Laugardaga kl 15:30 til 17:30 er opið hús, hugleiðing / íhugun (niðri) og umræðuefni (uppi).

Um það bil átta öldum áður en rektor Cambridge háskóla komst að því að jörðin hefði verið sköpuð kl. 9 fh., 23. okt. 4004 f.Kr., það er að segja fyrir aldamótin 800, var maður uppi að nafni Wei-k'uan, ábóti í kínversku klaustri. Hann var einn dag spurður af munki hvort hundur hefði búddhískt eðli. „Hann hefur það,” svaraði ábótinn. „Og hefur þú einnig öðlast slíkt?” spurði munkurinn. „Ég? Nei vissulega ekki.” „En það er gert ráð fyrir að allar lífandi verur hafi það,” sagði munkurinn. „Það er líklegt,” sagði Wei-k'uan, „en ég er ekki allar lífandi verur.” „Hvað ertu þá? Búddha?” „Nei, ég er ekki Búddha.” „Jæja, hvers konar fyrirbæri ertu þá?” „Ekkert fyrirbæri,” svaraði Wei-k'uan. Þetta virðist einkennileg framkoma, ábótinn svarar bara út í hött. En skýringin er sú, að Wei-k'uan hafði enga vitund um sjálfan sig sem eitthvað sérstakt. Hann sjálfur var algjörlega horfinn úr myndinni. Ef munkurinn, sem gat ómögulega skilið þetta, væri nútímamaður og fengi svipuð svör við álíka spurningum, myndi hann sjálfsagt hugsa að með þessum manni væri samstarf alveg útilokað. Hann myndi halda að hinn segði eitt í dag og annað á morgun. Að það væri ómögulegt að reikna út hvernig hinn myndi haga sér. Munkurinn myndi ekki skilja að það er hægt að sameina andstæður í vitundarlífinu. En ábótinn var að reyna að losa um takmörkin í huga munksins sem hugsaði í fastmótuðum formum, þ.e. hann gekk út frá að annaðhvort hefði Wei-k'uan búddhískt eðli eða ekki. En fyrir Wei-k'uan hefur það sennilega legið þannig fyrir (eða öllu heldur ekki legið þannig fyrir): Hann hvorki hafði né hafði ekki búddhískt eðli. Hann hafði ekki bæði búddhískt eðli og ekki búddhískt eðli. Hann hafði ekki hvorki búddhískt eðli né hafði það ekki. Vegna þess að hann persónulega átti enga samleið með þessum formum og flokkunum. Hann sjálfur féll ekki inn í þessa rökrænu mynd.



— Úr bókinni: *Vitund, hugur og við.*